

55. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 03.09 2013, Végarði kl. 13.30

Mættir til fundar: Anna Jóna Árnemarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Jóhann Fr Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Húshitun, orkuverkefni

3. Kröflulína 3

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsnets dags. 09.08

4. Fjallaskarðsskáli

a) Staða framkvæmda

b) Umsjón

5. Vegaframkvæmdir, útboð Hrafnkelsstaðir - Vallholt

6. Afmörkun og skráning landsspildu á Hamborgarnesi

7. Aðalfundur SSA 2013

a) Tilnefningar í nefndir á vegum SSA, samgöngunefnd og samstarfsnefnd

b) Tillögur til aðalfundar

8. Bréf

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 06.08

9. Umhverfisstyrkir

Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Víðivöllum fremri

10. Fjárbeiðnir

a) Hagsmunasamtök heimilanna

b) Íþróttasamband lögreglumanna

c) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs

11. Fundargerðir

a) Félagsmálanefnd 19.08

b) Samgöngunefnd SSA 20.08

c) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 20.08

12. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Oddviti var í sumarleyfi vikuna 11. – 18. ágúst og sá varaoddviti um afleysingu.

Oddviti og varaoddviti, ásamt bæjarráði Fljótsdalshéraðs funduðu með starfsmönnum Hallormsstaðaskóla 19. ágúst. Til umræðu var starfsemi skólans á nýju skólaári. Skólastjóri er í veikindaleyfi, Elín Rán Björnsdóttir sem ráðin hefur verið aðstoðarskólastjóri sér um skólastjórn þar til skólastjóri snýr til baka.

Oddviti og Anna Jóna fóru í kynningarferð með stöðvarstjóra Fljótsdalsstöðvar 21. ágúst. Farið var á Hraun og framkvæmdir við Sauðarveitu skoðaðar. Verið var að vinna við stíflu í Sauðárvatni og afrennslisskurð. 6-10 manns hafa verið við vinnu, framkvæmdir eru langt komnar og taldi eftirlitsmaður að það næðist að ljúka þeim í haust og vinnubúðir fjarlægðar. Þegar veitan verður komin í notkun verður að öllum líkindum talsvert vatn í Innri Sauðá sem hamlað gæti aðgengi.

Oddviti var í Reykjavík 26.-27. ágúst og fundaði þá m.a. með Landmótun um endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps. Til skoðunar er að bæta við þemakortum og sýna á þeim kortum Þjóðgarðs- og Þjóðlendumörk og sérstakt kort verði yfir hnitsettar volgrur. Stefnt er að því að sveitarstjórn fjalli um skipulagstillögu á fundi í byrjun október og í framhaldi af þeim fundi fari tillagan til skoðunar hjá Skipulagsstofnun og í almenna auglýsingu að lokinni athugun Skipulagsstofnunar. Nefnd sem oddviti situr í og fjallað hefur um stjórnarfyrikkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs hefur lokið störfum og skýrslu var skilað til ráðherra í umræddri Reykjavíkurfærð.

Tæming á rotþróum í sveitarfélaginu fór fram í ágúst.

Ritað hefur verið undir endurbættan samstarfssamning um Minjasafn Austurlands, en taka þurfti nýlegan samning upp vegna athugasemda Minjastofnunar.

Vandræði hafa verið með vatn fyrir salerni við Hengifossá. Ekki er um nýtt vandamál að ræða, vatnsöflun er erfið og hefur árlega þurft að grípa til dælingar á vatni úr ánni þegar liðið hefur á sumar. Vatnsdæla virðist nú vera að gefa upp öndina. Sólarsella og rafgeymir sjá dælunni fyrir orku. Oddviti hefur kannað kostnað við að fá rafmagnstengingu á svæðið og fengið þau svör hjá Rarik að það myndi kosta 800-900 þús. Fyrr í sumar þurfti að skipta út biluðu salerni. Mikil umferð ferðamanna hefur verið á svæðinu í sumar og er enn um mánaðarmót ágúst /september. Samkvæmt upplýsingum úr teljara sem var settur upp í maílok hafa yfir 43 þús manns gengið um teljarahliðið. Viðvera landvarðar á svæðinu í sumar var frá 22. 06-12.08, viðveran er samstarfsverkefni Snæfellsstofu og Fljótsdalshrepps og hefur gefist vel. Æskilegt er að hafa einhvern á svæðinu a.m.k. yfir háannatíma til að sinna landvörslu og upplýsa ferðamenn um það sem í boði er í nágrenninu.

Samningur Fljótsdalshrepps við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu rennur út 1. febrúar 2014, samningurinn framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp skriflega með 6 mánaða fyrirvara.

2. Húshitun, orkuverkefni

Rætt um áframhald verkefnisins sem felast í úttekt á íbúðarhúsnæði, pípara úttekt á íbúðarhúsnæði með vatnshitakerfi og tilraunaverkefni í húshitun með viðarkögglabrennslu. Sveitarstjórn samþykkir tillögur Orkuseturs um næstu skref.

3. Kröflulína 3

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsnets dags. 09.08. Varðar tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Fljótsdalshrepps að lagningu Kröflulínu 3. Kynnt.

4. Fjallaskarðsskáli

a) Staða framkvæmda. Lokaúttekt hefur ekki farið fram en gert er ráð fyrir að hún verði á næstunni. Framkvæmdum er lokið og skálinn fullbúinn. Minnst var á moldarsvæði í nærumhverfi skálans eftir framkvæmdir og að æskilegt væri að hylja það með heyi og koma þannig af stað uppgræðslu. Segldúkur var settur utan um olíurafstöð sem sér skálanum fyrir orku, en það er ekki lausn til lengri tíma.

b) Umsjón. Rætt um umsjón með skálanum og hvernig þeim málum verði best fyrir komið.

c) Vegaf framkvæmdir, útboð Hrafnkelsstaðir – Vallholt

Tilboð voru opnuð hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði 13.8.2013 og bærust tvö tilboð í verkið. Lægra tilboðið sem Ylur átti var 102,2% af kostnaðaráætlun. Skila skal 1,1 km af vegi með jöfnuðu neðra burðarlagi, fyllingum, skeringum, grófjöfnuðum fláum, öllum ræsum og rofvörnum eigi síðar er 15 nóvember 2013. Vegagerðin hyggst skrifa undir samning við verktaka á næstu dögum, ef ekkert óvænt kemur upp. Framkvæmdin verður fjármögnuð af Fljótsdalshreppi, en gert ráð fyrir endurgreiðslu, ef og þegar fjármagn kemur í samgönguáætlun til verksins. Vegagerðin í samráði við sveitarfélagið vinnur að útfærslu verksins, þannig að kostnaður haldist innan marka fjárhagsáætlunar.

d) Afmörkun og skráning landsspildu á Hamborgarnesi

Málið hefur áður verið á dagskrá sveitarstjórnar, en þá vísað frá þar sem upp á skorti að Þjóðskrá teldi fært að skrá landspilduna. Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá þess efnis að ekki væri lengur neitt til fyrirstöðu að skrá tiltekna landspildu þegar byggingafulltrúi hefur lokið forskráningu. Sveitarstjórn fyrir hönd Fljótsdalshrepps samþykkir stofnunina fyrir sitt leiti.

e) Aðalfundur SSA 2013

a) Tilnefningar í nefndir á vegum SSA, samgöngunefnd og samstarfsnefnd

Tilnefnd fyrir hönd Fljótsdalshrepps:

Í samgöngunefnd Gunnþórunn Ingólfisdóttir og Jóhann F. Þórhallsson

Í samstarfsnefnd: Jóhann F. Þórhallsson og Gunnþórunn Ingólfisdóttir

b) Tillögur/málefni til umræðu á aðalfundi SSA 2013

Oddvita falið að koma á framfæri við SSA að að á aðalfundi SSA sem haldinn verður á Eskifirði 13.-14. september n.k. verði málefni nytjaskógræktar til almennrar umræðu og afgreiðslu tillagna, jafnframt því verði málefnið eitt af áherslum aðalfundar og fenginn/ir sérfræðingur í skógrækt til að flytja erindi á fundinum.

Stór svæði klædd nytjaskógi eru að vaxa upp á Austurlandi og munu til framtíðar litið skapa mikil verðmæti. Mikilvægt er að nú þegar verði fjármunum veitt í rannsóknir tengdum úrvinnslu og lögð verði áhersla á að úrvinnslustöð viðar rísi sem fyrst hér eystra. Skorað verði á ríkisvaldið og þingmenn að beita sér fyrir að auknum fjármunum verði veitt til Héraðs- og Austurlandsskóga og Skógrækt ríkisins eflað á Austurlandi, þannig að þessir aðilar geti betur sinnt því hlutverki að þróa aðferðir og styðja við viðarnytjar.

f) Bréf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið dags. 06.08. Varðar frumvarp um breytingar á skipulagslögum. Kynnt. Sveitarstjórn tekur undir umsögn sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpsdrögin.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og varaoddviti tók við fundarstjórn.

g) Umhverfisstyrkir

Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

h) Fjárbeiðnir

- d) Hagsmunasamtök heimilanna. Hafnað.
- e) Íþróttasamband lögreglumanna. Hafnað.
- f) Framfarafélag Fljótaldalshéraðs. Samþykktur 40.000 kr styrkur vegna málþings.

i) Fundargerðir

- d) Félagsmálanefnd 19.08. Kynnt.
- e) Samgöngunefnd SSA 20.08. Kynnt.
- f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 20.08. Kynnt.

j) Önnur mál

Ekkert fært til bókar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.17.30.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)